

III. VIÐAUKI. Mælingaraðferðir.

1. Mælingar sem gerðar eru til að ákvarða styrk loftmengunarefna í gasleiðslum skulu vera dæmigerðar fyrir aðrar mælingar.
2. Sýnataka og greining allra mengunarefna, þar með talið díoxína og fúrana og viðmiðunarmæliaðferðir til að kvarða sjálfvirkt mælikerfi skulu framkvæmdar eins og tilgreint er í CEN-stöðlum. Innlendir staðlar gilda þar til samningu CEN-staðla hefur verið lokið.
3. Einungis er hægt að hafa eftirlit með díoxínum og fúrönunum ef greiningarmörk fyrir sýnatöku og greiningu einstakra díoxína og fúrana eru nægilega lág til að fá marktæka niðurstöðu að því er varðar eiturhrifjafngildi.
4. 95% öryggismörkin sem ákvörðuð eru sem viðmiðunarmörk fyrir útblástur mega ekki fara yfir eftirfarandi hundraðshlutföll af viðmiðunarmörkum fyrir útblástur.

Karbonmónoxíð (a-liður 4.5):	10%
Brennisteinsdíoxíð (5. tölul. í a-lið 5.1):	20%
Heildarmagn ryks (1. tölul. í a-lið 1.1):	30%
Heildarmagn lífræns kolefnis (2. tölul. í a-lið 5.1):	30%
Vetnisklóríð (3. tölul. a-lið 5.1):	40%

16. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 3. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, og með hliðsjón af 3. tl. I. kafla II. viðauka og 2 a, 21 b, 27. og 32. tl. XX. viðauka EES-samningsins (tilskipanir nr. 94/67/EBE, 86/278/EBE, 94/12/EBE, 93/59/EBE og 91/156/EBE svo og ákvörðun nr. 94/741).

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 536/1994.

Umhverfissráðuneytinu, 3. júlí 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

1. júlí 1996

Nr. 395

AUGLÝSING

um umferð í Kópavogi.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarráðs Kópavogs, eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Kópavogi.

1. Hámarkshraði í Marbakka- og Sæbólshverfi þ.e. á Marbakkabraut, Huldubraut, Helgu- braut og Sæbólsbraut verði 30 km/klst.
2. Hámarkshraði í Fífuhjalla, Fagrahjalla og Furuhjalla verði 30 km/klst.
3. Að Stöðvunarskylda verði á Dalsmára gagnvart Fífuhvammsvegi.

Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð í Kópavogi sem brjóta í bága við auglýsingu þessa.

Sýslumaðurinn í Kópavogi, 1. júlí 1996.

Þorleifur Pálsson.